

Völin
& kvölin
& mölin

& Völin & kvölin mölin

Höfundar

Hildur Þórðardóttir, Sigríður Lára
Sigurjónsdóttir & V. Kári Heiðdal

Leikstjóri

Þorgeir Tryggvason

Leikmynd & búningar

Magnús Pétur Þorgrímsson

Lýsing

Gunnar Gunnarsson



Framsýnt í Möguleikhúsinu
16. október 1999
32. verkefni
www.vortex.is/~ah

Ávarp formanns

Sem oft áður blása nú ferskir vindar í Hugleik. Sett er á svið fyrsta leikrit í fullri lengd eftir þrjá unga höfunda innan vébanda félagsins. Þeir þekkja leikhúsið frá mörgum hliðum, hafa skrifað stutta þætti, leikið, sungið, málað, lýst og saumað, svo eitthvað sé talið. Leikstjórinn er líka einn af okkar sönnu þúsundþjalasmiðum og prófar hér þá hæfileika sem hafa þroskast í hinum ómissandi leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga.

Hugleikur ber hér fram þjóðlegt-aldamóta-sveita-stofu-gleðidrama. Til þess að forðast allar deilur um skilgreiningu aldamóta þá er hér ekki horft til þeirra sem yfirvofandi eru heldur svífur aldamótastemming fyrri tíma yfir vötnum. En fleira mætist hér - sveitasælan mætir stórborgarsollinum - Íslendingar hitta dani - Rússar rekast vonandi inn hjá lestrarfélaginu - stórkaupmaður stígur dans við skraddara - ástvinir mæta örlögum sínum - og svo einkennilega vill til að nánast hver og einn virðist mæta sjálfum sér síðar í verkinu - eða voru Íslendingar kannski meira og minna allir eins!

Hér er Hugleikur kominn heim í íslenska heiðardalinn eftir að hafa siglt um heimsins höf á þessu herrans ári. Mikið er nú hlýlegt að smeygja sér í sauðskinnsskóna, líta í skræðurnar í Lærða skólanum, vera uppnuminn yfir Aðalstrætinu og láta sig dreyma um at fá en almindelig dansk stuepige! Megi menningin verma ykkur um stund.

HF

& Persónur leikendur

Elías

Unnar Geir Unnarsson

Þórhildur

Silja Björk Huldudóttir

Sigurður sýslumaður, faðir hennar

Rúnar Lund

Sigríður, móðir Elíasar

Hulda B. Hákonardóttir

Jón bóndi, faðir Elíasar

Sigurður Atlason

Lóa á Bleyti

Ylfa Mist Helgadóttir

Gummi, maður hennar

Einar Þór Einarsson

Viktoría

Silja Björk Huldudóttir

Sæmundur, faðir hennar

Rúnar Lund

Frú Emilía, móðir hennar

Hulda B. Hákonardóttir

Jónas klæðskeri

Sigurður Atlason

Gunna, dóttir Lóu & Gumma

Ylfa Mist Helgadóttir

Jón, ungur stúdent

Einar Þór Einarsson

Starfsfólk utan- & aftanvið

Sýningarstjóri

Þorgerður Hanna Hannesdóttir

Leikmyndahönnuði til aðstoðar

Sesselja Traustadóttir

Hárgreiðsla

Oddvar Örn Hjartarson

Hvíslarar

Fríða B. Andersen & Jóhann Hauksson &

Þórunn Guðmundsdóttir

Leikmunagerð

Hanna Kr. Hallgrímsdóttir

Reddarar

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Saumaskapur

Erna Benediktsdóttir & Hulda B.

Hákonardóttir

Hljóðmenn

Eggert Hilmarsson & Þorgeir Tryggvason

Ljósmyndir

Jón Örn Bergsson

Leikskrá

Adda Steina Björnsdóttir & Árni Hjartarson &

Berglind Steinsdóttir & Sigríður Lára

Sigurjónsdóttir & Þorgeir Tryggvason

& Höfundar leikstjóri

Hildur Þórðardóttir á langan feril við leik- og ritstörf þótt ung sé að árum. Hún debúteraði 6 ára þegar hún lék kaupmanninn í dans- og söngleiknum: „Hún mamma kemur í bæinn bráðum og borgar skuldina mína“ við mikið lof aðstandenda. Átta ára skrifaði hún barnaævintýrið „Töfrakakóið“ um ræningja sem breyttust í góða menn eftir miklar þrautir. Hún hefur birt smásögur, m.a. í Lesbók Morgunblaðsins. Hildur kynntist Hugleik 1996 þegar hún lék hjálparveitarmann í Páskahreti og síðan varð ekki aftur snúið. Hildur lumar líka á því mikla leyndarmáli hver Randalín er. Framtíðardraumar snúast um frekari ritstörf þegar tími gefst frá barnastússi og brauðstriti.

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir er fædd og uppalin á Egilsstöðum. Hún kynntist leiklist í gegnum Leikfélag Fljótshéraðs 1990 og Hugleik þegar hún kom á mölina árið 1994 og hefur tekið þátt í flestum uppfærslum Hugleiks síðan. Árið 1996 kynntist hún Hildi og Kára þegar þau léku öll saman í Páskahreti. Sigríður Lára er bókmenntafræðingur í mastersnámi og vinnur á Bandalagi íslenskra leikfélaga. Hana langar að læra leikstjórn og/eða dramatúrgíu í einhvern tíma í ófyrirsjáanlegri framtíð.

V. Kári Heiðdal steig í fyrsta sinn sjö ára á svið, þegar hann lék litla Jón og endaði með því að hrekjast út af sviðinu undan litlu Gunnu. Hann

kom í Hugleik árið 1992 og lék „bara Jón“ í Fermingarbarnamótinu, Litla Jón í Hafnsögum og húskarl í Stútungasögu og hefur eftir það sérhæft sig í sviplegu andláti persóna innan sviðs og utan. Hann hefur líka smíðað leikmynd og muni, verið sviðstjóri, propsari, ljósamaður, farið á leikmyndanámskeið, ljósanámskeið, trúðanámskeið, auk fleiri námskeiða. Í hjáverkum starfar V. Kári sem tæknimaður á Landsspítalunum og dreymir um að skrifa skemmtilegan texta fyrir tölvur og menn.

Þorgeir Tryggvason var vakinn af værum blundi haustið 1984, skipað að ganga til liðs við Leikfélag Húsavíkur og leika Gúmmi-Tarsan í samnefndu leikriti. Vel uppalinn drengur lætur ekki segja sér svoleiðislagð þrisvar og hefur verið ofvirkur áhugaleikhúsmaður æ síðan. Leikstjórnarferill hans hófs hjá Stúdentaleikhúsinu, en þar sviðsetti hann eigin leikgerð á Kritóni eftir Platón. Hjá Hugleik er hann búinn að sinna flestum þáttum starfseminnar, og þar komst hann að því fyrir tilviljun að hann kynni því vel að skrifa leiktexta. Völin & kvölin & mölin er fyrsta stóra leikstjórnarverkefni hans fyrir Hugleik.

Þakkir

Brynja X. Vífilsdóttir & Þórir Guðmundsson & Haraldur Steingrímsson & Dúrra & Gerður í Árbæjarsafni & allir hinir sem lögðu okkur lið. Albert Jensen fær sérstakar þakkir fyrir einstakan hlýhug og hjálpssemi.

Teppið er til sölu

Hansenfjölskyldan myndi aldrei brúka annað en ægte persneskt teppe og það sem blasir við áhorfendum er handofid fyrir Hansena þessa heims. Það er til sölu þegar sýningum lýkur.

Áhugasamir snúi sér til Öddu í síma 587 26 77.

VISA



VINUR UM VERÖLD ALLA!

VISA er þekktasta og útbreiddasta greiðslukortid.

Yfir hvern ngur alla útgefnna korta í heiminum

bera miki **VISA** og þau eru þægileg og örugg yfir

10 milljónum viðskiptaáá um heim allan.

VISA VISA ISLAND

GRJÓSLUMILLUN III Árabakka 15 119 Reykjavík
Sími 026 2935 Fax 026 2923 Visa Island og Visa IS WWW.VISA.IS